

**Ed.**

**382. Frumvarp til laga**

**[9. mál]**

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts á lágtekjum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1951 leggja á tekjur ársins 1950 skattauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattaui.

Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.

Af	9—10 þús. kr. greiðist	20 kr. af	9 þús. kr. og	4 % af afgangi.
— 10—12	— — —	60	— — —	5 — — —
— 12—14	— — —	160	— — —	6 — — —
— 14—17	— — —	280	— — —	7 — — —
— 17—20	— — —	490	— — —	8 — — —
— 20—25	— — —	730	— — —	9 — — —
— 25—30	— — —	1180	— — —	10 — — —
— 30—40	— — —	1680	— — —	11 — — —
— 40—100	— — —	2780	— — —	12 — — —
— 100—125	— — —	9980	— — —	10 — — —
— 125—150	— — —	12480	— — —	7 — — —
— 150—200	— — —	14230	— — —	5 — — —
— 200	— — —	16730	— — —	200 — —

**2. gr.**

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

**3. gr.**

Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum, skulu gilda til ársloka 1951.

**4. gr.**

Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1951 skal umreikna svo sem verið hefur samkv. ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreikningstölu 340.

**5. gr.**

Nú er skattur samkv. lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var álagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.